

öðlast gildi þegar við birtingu. Um leið falla úr gildi samþykkt um hundahald í Neskaupstað frá 14. nóvember 1996, samþykkt um hunda- og kattahald í Eskifjarðarkaupstað frá 19. desember 1994 og samþykkt um hunda- og kattahald á Reyðarfirði frá 11. apríl 1994.

*Umhverfissráðuneytinu, 6. apríl 2000.*

F. h. r.  
**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigríður Stefánsdóttir.*

## REGLUGERÐ

**um (1.) breytingu á reglugerð nr. 890/1999 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum.**

1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollnúmer:</i>					
0602.9093	Aðrar pottaplöntur til og með 1 m á hæð	01.05.-30.09.00	2.200	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.05.-30.09.00	3.300	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 10. apríl 2000.*

F. h. r.  
**Guðmundur Sigþórsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um útgáfu starfsleyfis fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.**

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Faxamjöl hf., fiskmjölsverksmiðju, Þorlákshöfn, kt. 410989-1319. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir í 4 ár frá þeim tíma.

*Hollustuvernd ríkisins, 7. apríl 2000.*

**Hermann Sveinbjörnsson** forstjóri.

*Davíð Egilson  
forstöðumaður.*